

# ...Íslenska er okkar mál



Í tilefni af Degi Íslenskrar tungu þann 16. nóvember nk. verður haldin spurningakeppni milli 10. bekkinga við grunnskóla á Austurlandi. Skólarnir sem taka þátt eru: Grunnskólinn á Djúpavogi, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Eiðum (þrjú lið) ásamt Vopnafjarðarskóla. Þessi keppni er í anda þáttarins "Orð skulu standa" sem nýtur mikilla vinsælda. Stjórnandi þess þáttar, Karl Th. Birgisson, hefur samið spurningarnar og verður jafnframt spyrill en dómari verður Gunnar Gunnarsson blaðamaður.

**Forkeppnin verður haldin í Skrúð Fáskrúðsfirði þann 13. nóvember og hefst kl. 14:00.**

**Undanúrslit fara fram í Egilsstaðaskóla þann 14. nóvember kl. 14:00.**

**Úrslitin fara svo fram í Miklagarði Vopnafirði þann 16. nóvember kl. 17:05.**

Húsinu verður þó lokað kl. 16:50 vegna beinnar útsendingar frá keppninni í svæðisútvarpi Austurlands. Vegleg verðlaun fyrir 1., 2. og 3. sæti.

Styrktaraðilar keppninnar eru:



Vopnafjarðarhreppur

**MENNINGARRÁÐ  
AUSTURLANDS**



Umsjón með keppninni hefur Menningarmálanefnd Vopnafjarðar.